



Dagsetning
Málsnúmer

26. febrúar 2024
IRN24020185

Álit um færslu tryggingafræðilegs endurmats Brúar lífeyrissjóðs í bókum sveitarfélaga

Reikningsskila- og upplýsinganefnd (RogU) tók fyrir á fundum sínum 5. og 26. febrúar 2024 ósk um álit frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga um hvernig færa skuli kröfu frá Brú lífeyrissjóði sem til er komin vegna tryggingafræðilegs endurmats sjóðsins og birt var sveitarfélögum í ársbyrjun 2024.

Árið 2016 ákvað Alþingi að samræma lífeyrisréttindi á opinbera markaðnum við það sem gerist á almenna markaðnum. Í lögunum var ákveðið að áunnin réttindi þeirra sem höfðu náð sextugsaldri við gildistöku laganna eða höfðu hafði töku lífeyris skyldi tryggð og myndi hvorki hækka né lækka upp frá því. Í takt við markmið laganna um að hver kynslóð stæði undir sínum eigin lífeyri kváðu lögin á um að það kæmi í hlut launagreiðenda, ríkis og sveitarfélaga, að standa undir tryggingunni, frekar en annarra sjóðsfélaga. Með hækkandi lífaldri þjóðarinnar og eftir slaka ávöxtun sjóðsins árið 2022 lá fyrir að halli á tryggingafræðilegri stöðu Brúar lífeyrissjóðs væri umfram 10% lögbundin viðmið. Af þessum sökum hefur sjóðurinn hafið innheimtu framlaga frá sveitarfélögum vegna þess hóps lífeyrisþega eða launamanna sem undir regluna falla.

Að áliti nefndarinnar er rétt að færa fjárhæð sbr. ofangreint á breytingu lífeyrisskuldbindinga í rekstrarreikningi með mótfærslu á lífeyrisskuldbindingu í efnahag, þar sem um matsbreytingu er að ræða. Telur nefndin þessa framkvæmd í samræmi við 2. mgr. 13. gr. laga um ársreikninga nr. 3/2006.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03 2026